Reykjavík

Frístundaheimilið Gulahlíð

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5
Helstu dagsetningar 6
- Ágúst 6
- September 6
- Október 6
- Nóvember 6
- Desember 6
- Janúar 6
- Febrúar 6
- Mars 7
- Apríl 7
- Maí 7
- Júní 7

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat Frístundaheimilisins Gulahlíð auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barnanna og áhuga
- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
- Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur til leiks og starfs.
- Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.
- Dagskipulag er endurmetið reglulega út frá þörfum barnanna. Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegur starfi er skýr og öllum ljós.
- Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun. Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin.
- Tekið er á móti börnunum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundaheimilinu hverju sinni.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.
- Úrval af efnivið og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.
- Í frístundastarfinu er hlúið að börnunum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar. Þessi flokkur fékk A þegar við gerðum innra matið síðasta vetur en forsendur hafa breyst síðan þá.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Bjargir og Skipulag	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir að ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali. Úrval af efnivið og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum óháð aldri og þroska.
Tækifæri til umbóta.	Það er margt ábótavant við húsnæðið sem starfsemi Guluhlíðar er í. Stærð lóðar er góð og gott aðgengi er að náttúru og gönguleiðum. Hins vegar er margt sem þarf að bæta á bæði útisvæði og inni í húsunum. Húsin eru orðin gömul og henta illa fyrri stærð hópsins og þarfir þeirra barna sem nýta sér þjónustuna. Mikill hávaði skapast oft vegna fjölda barna á sömu svæðum og það eru fá rými þar sem börn geta fengið næði. Einnig henta leiktækin á lóðinni illa fyrir þann aldurshóp sem er hjá okkur í þjónustu og engin leiktæki eru í boði fyrir börn sem eru í hjólastól og þau börn sem þurfa stór hjálpartæki.
Aðgerðir til umbóta.	Framkvæmd á lóð er úr okkar höndum en við höldum áfram að minna á það sem uppá vantar og tilkynnum það til viðeigandi aðila. Aðgerðir sem þyrfti að ráðast í væri að draga úr fjölda barna á lóðinni hverju sinni, draga úr hávaða með hljóðvistaraðgerðum, fara í endurbætur á leiksvæði og setja aðgengilegri leiktæki. Einnig eru húsinn komin til ára sinna og margt sem þarf að endurnýja.
Ábyrgð	Margrét Rannveig Halldórsdóttir
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Óvíst
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Fjárveitingar og framkvæmd á því sem þarf að breyta er úr okkar höndum. Staðan verður tekin aftur í lok skólaárs.
Viðmið um árangur.	Það sem helst myndi lýsa árangri væri meiri ró í barnahópnum t.d. minna um skynúrvinnsluvanda, færri börn úr jafnvægi. Árangri hefur einnig verið náð þegar starfsfólk sér og telur að aðstaðan hafi batnað samkvæmt starfsmannakönnun.

Heiti aðgerðar:	Börnin á frístundaheimilinu
Umbótaþáttur/matsþáttur	Í frístundastarfi er hlúið að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar.
Tækifæri til umbóta.	Í Guluhlíð fá öll börnin þann stuðning sem þau þurfa hverju sinni. Það fer mikil vinna í að finna verkefni fyrir hvern og einn til þess að allir fái að njóta sín. Með auknum barnafjölda í því húsnæði sem við erum í hefur það reynst okkur erfitt að finna tíma og rými til að skapa einstaklings miðuð því oft þarf ólíkar útgáfur af sama verkefni fyrir hvert og eitt barn. Einnig er aðgangur barnanna að dagskránni okkar eins og myndlist, skynörvun og íþróttum takmarkaðri en áður þar sem við þurfum að skipta þeim í smærri hópa. Með auknum fjölda barna fjölgar hópum og þar af leiðandi minnkar tíminn sem hver hópur fær í þessum tómstundum.
Aðgerðir til umbóta.	Að fá utanaðkomandi aðila inn í daglegt starf til að meta aðstæður. Erfitt að leysa viðfangsefni þar sem fjöldi barna er ekki í samræmi við þann fermetrafjölda sem við höfum til umráða á svæði Guluhlíðar.
Ábyrgð	Margrét Rannveig Halldórsdóttir
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	1. janúar 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	
Viðmið um árangur.	Það sem helst myndi lýsa árangri væri meiri ró í barnahópnum t.d. minna um skynúrvinnsluvanda, færri börn úr jafnvægi.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Við vinnum eftir öllum fimm kjarnaþáttum menntastefnunnar og aðlögum aðferðirnar í takt við barnahópinn sem nýtir sér þjónustuna.

Félagsfærni

Lögð er mikil áhersla á að börnin læri þann hæfileika að eingast vini og að sækjast í félagsskap jafnaldra sinna.

Sjálfseflingu

Unnið er markvisst að börnin verði sjálfstæð í athöfnum daglegs lífs. Eins og t.d. að klæða sig í og úr fötum og fá sér að borða.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Læsi

Við vinnum með mikið af óhefðbundnum tjáskiptaleiðum, eins og PECS og tákn með tali og vinnum markvisst að því að málumhverfið sé örvandi og hvetjandi fyrir börnin.

Sköpun

Í Guluhlíð er vikulega boðið uppá bæði myndlista og skynörvunar tíma. Þessir tímar efla forvitni, skapandi og gagnrýna hugsun en efla líka þekkingu, frumkvæði og leik. Verkefnin eru fjölbreytt og börnin skapa oft eitthvað sem þau geta átt og tekið með sér heim. Unnið er með allskonar þemu og oft eru börnin að skapa eitthvað sem tengist árstíðunum.

Heilbrigði

Rík áhersla er á andlega, líkamlega og félagslega líðan. Mikið er lagt upp úr hreyfingu og útiveru en börnin hér eyða miklum tíma á útisvæðinu okkar og í gönguferðum í nærumhverfinu.

Helstu dagsetningar

Ágúst
21. ágúst - Starfsdagur
24. ágúst - Starfsdagur
25. ágúst - Fyrsti dagur í vetrarstarfi

September
30. september – Langur dagur

Október
8. október – Langur dagur
19. október – Foreldrafundur
21. október – Bleikur dagur
22.- 26. október – Vetrarleyfi (Lokað á frístundaheimili)
30. október – Hrekkjavaka

Nóvember

Desember
1. desember – Starfsdagur
21. desember – Langur dagur Jól
22. desember – Langur dagur Jól
23. desember – Langur dagur Jól
28. desember – Langur dagur Jól
29. desember – Langur dagur Jól
30. desember – Langur dagur Jól

Janúar
14. janúar – Langur dagur
29. janúar – Langur dagur

Febrúar
10. febrúar – Langur dagur - Öskudagur
22.-23. febrúar – Vetrarleyfi (Lokað á frístundaheimili)

Mars
22. mars – Langur dagur
23. mars – Langur dagur
24. mars – Langur dagur

Apríl

Maí
10. maí – Langur dagur

Júní
10. júní - Skólaslit
11. júní – Starfsdagur
14. júní - Starfsdagur